

# Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2014

## 1. Nemendur

Nemendur á vorönn 2014 voru 968 í dagskóla en að auki tóku 66 grunnskólanemendur áfanga í vali, einn áfanga á einu ári. Það eru venjulega færri nemendur á vorönn en haustönn. Aðsókn að haustönninni var heldur minni meðal eldri nemenda en áður og réði bætt atvinnuástand þar eflaust einhverju auk þess sem hætt var við átakið „Nám er vinnandi vegur“. Allir nýnemar sem sóttu um skólavist fengu inni en nýnemum í árgangi fækkaði og mun þeim fækka næstu árin. Fjölda á önn má sjá á meðfylgjandi töflu:

	vor 2014	haust 2014
Dagskólanemendur	930	959
Fjarnámsnemendur	15	9
Grunnskólanemendur	102	66
Alls	1047	1034

Drengir voru nokkuð fjölmennari en stúlkur í heildina en aðsókn á einstaka brautir var ólík eftir kyni. Meirihluti nemenda var á stúdentsbrautum og stúlkur í meirihluta þar, síðan komu starfsnáms- og verknámsbrautir en strákar voru þar í meirihluta. Nánar má sjá um þessa skiptingu eftir kyni á heimasíðu skólans undir „tölulegar upplýsingar“ slóðin er: <http://www.fss.is/skolinn/tolulegarupplýsingar/>

Flestir nemendur FS komu héðan af svæðinu eða 95 - 96% og flestir úr Reykjanesbæ eða rúmlega 71%. Nánari dreifingu (meðaltal vor og haustannar) má sjá á meðfylgjandi töflu, einnig aldursdreifingu nemenda (einnig á „tölulegar upplýsingar“ <http://www.fss.is/skolinn/tolulegarupplýsingar/> )

Heimili	Hlutfall
Garður	7%
Grindavík	9,5%
Reykjanesbær	71,5%
Sandgerði	5%
Vogar	3%
Annarsstaðar frá	4,5%

Fæðingarár	Vor 2014	Haust 2014
1998		22%
1997	25%	23%
1996	22%	18%
1995	18%	15%
1994	14%	8%
1993	6%	
Eldri	13%	14%

## 2. Nám, námsframboð

Námsframboðið er fjölbreytt í skólanum og má sjá það á heimasíðu skólans <http://www.fss.is/namid/brautir/>. Skólinn leggur metnað sinn í að þjóna öllum nemendum af svæðinu og bjóða uppá fjölbreytt nám þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á síðasta ári hófst vinna við að setja upp stúdentsbrautir sem taka mið af ákvæðum nýrrar námskrár. Þessar brautir verða þrjár, félagsvísindabraut, fjölgreinabraut og náttúruvísindabraut. Þær verða 200 f-einingar og nemendur eiga að geta lokið þeim á þremur árum. Stefnt er að því að nám á þeim hefjist haust 2015. Jafnframt hefur verið unnið að því að setja starfsnámsbrautir inn í námskrárgrunninn og koma þeim í samþykktarferli. Búið er að setja starfsbraut skólans inn í grunninn og er hún í samþykktarferli hjá ráðuneytinu. Beðið hefur verið átektar í sambandi við verknámsbrautirnar en þar hefur verið í gangi þróunarvinna og samráð við aðra skóla. Á haustönn 2014 voru teknir inn nemendur eftir raunfærnimat á tölvuþjónustubraut. Það var unnið í samvinnu við Fræðslumiðstöð alþýðu og MSS og gekk það nokkuð vel. Stefnt er að því að þessir nemendur geti lokið formlegu námi í framhaldsskóla og útskrifast í anda nýrra laga með framhaldsskólapróf af tölvuþjónustubraut. Markmiðið með starfsnámsbrautunum er að búa til farveg fyrir þá nemendur sem eru óráðnir eða ráða ekki við hefðbundið bóknám en stefna í ákveðin störf á almennum vinnumarkaði.

Skipting nemenda á námsbrautir og meðalnámstími til útskriftar er eins og meðfylgjandi töflur sýna. Rétt er að taka fram að nokkrir nemendur tóku sér lengri tíma til að klára námið en aðrir og því er meðalnámstíminn hærri og gefur ef til vill ekki rétta mynd. Ef miðgildi er tekið fyrir útskrifaða á haustönn þá er miðgildið 7 sem sýnir að meirihluti nemenda er að ljúka stúdentsprófi á þrem og hálfu ári eða skemur.

Námsbraut	Vor 2014	Haust 2014
Fornám	4,2%	3,7%
Almennt nám	7,5%	6,5%
Stutt starfsnám	7,0%	8,4%
Starfsnám	16,3%	15,3%
Verknám	12,0%	11,6%
Starfsbraut	4,4%	4,1%
Stúdentsnám	48,6%	50,4%
FÉ	40,6%	37,3%
MB	6,5%	6,8%
NÁ	35,8%	37,9%
VH	16,3%	15,6%
VN	0,9%	2,4%

Meðalnámslengd

	Vor 2014	Haust 2014
Allir	8,86	8,41
Stúdentar	8,63	8,44
MB	12	8
FÉ	9	9,05
VH	9,43	7,71
NÁ	7,6	8,1

Skólinn tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* í samvinnu við Landlæknisembættið og á skólaárinu 2013-2014 var þemað geðrækt. Þess má geta að skólinn fékk gullverðlaun í tveim fyrstu hlutum og silfur í geðræktinni og ljóst að þar verður hann að gera betur.

Ennþá er í gangi þróunarverkefni í samstarfi við FSu og FVA og kallast *Endurskoðun og bæting á sjálfsmatskerfum* og gengur út á að meta árangur verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskóli*.

Unnið var að grunndeild matvæla- og ferðagreina í samstarfi við MK, FSu og VMA. Þeirri vinnu er lokið og fer brautin brátt í samþykktarferli hjá ráðuneytinu. Stefnan er að bjóða uppá nám í grunndeild matvæla- og ferðagreina á komandi önnum ef áhugi verður fyrir því.

Þeirri þróunarvinnu sem var í gangi varðandi uppbyggingu og skipulag starfsbrautar í anda nýrra laga með VMA og FÁ er lokið og brautin komin í samþykktarferli hjá ráðuneytinu.

Fleiri verkefni voru í gangi sem mun væntanlega ljúka á vorönn 2015. Þar má telja vinaverkefnið sem nýtur styrks frá velferðaráðuneytinu. Það verkefni gengur út á að halda utanum og aðstoða nemendur sem eru félagslega einangraðir og eiga ekki vini. Stofnaður er hópur sem kynnist og gerir margt skemmtilegt saman, fer í bíó, á kaffihús o.fl. Búið er að stofna tvo slíka hópa og hefur það gengið mjög vel.

Matsnefnd skólans sér um innri úttektir á skólastarfinu og áætlun hennar má sjá á heimasíðunni <http://www.fss.is/skolinn/mat/>. Niðurstöður matsins og úrbótaáætlun má sjá í sjálfsmatskýrslu sem birt er í skólaskýrslunni og má nálgast á heimasíðunni <http://www.fss.is/skolinn/skyrslur/>. Í síðasta skólasamningi var sett markmið varðandi þætti sem eru taldir skipta máli fyrir gott skólastarf en þetta eru hvatning, hrós og líðan nemenda. Þetta eru atriði sem stjórnendur vilja fylgjast með og gera það í gegnum kennslumatið. Niðurstöður þriggja anna má sjá í töflunni hér að neðan. Þar vantar vorönn 2014 en vegna verkfallsins þá var ákveðið að vera ekki með kennslumat þá önn enda starfið á önninni ekki hefðbundið. Kennslumatið var síðan framkvæmt fyrir haustönn 2014 og samanburður þeirrar annar er borinn saman við vor- og haustönn 2013. Markmið ofantalinna viðmiðunarþátta náðust og freistast stjórnendur því til þess að álykta að skólastarfið sé gott og nemendum skólans líði almennt vel.

Niðurstaðan varðandi brottfallið eru vonbrigði og ljóst að skoða þarf þau mál betur. Markmiðið var að draga úr brottfalli um 1-1,5 prósentustig yfir tveggja ára tímabil og það leit vel út til að byrja með. Brottfall hefur því miður verið of mikið undanfarnar annir, miðað við þá sem ekki ljúka prófi en voru skráðir í upphafi, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Hafa verður í huga að þetta eru ekki allt nemendur sem hafa horfið frá námi heldur eru þarna taldir allir þeir sem voru skráðir í áfanga en hættu af einhverjum ástæðum í honum og tóku ekki próf. Hægt er að skoða skýrslu yfir átakið „*Nám er vinnandi vegur*“ fyrir vorönnina og tölur yfir ástæður brotthvarfs, skýrslu sem skilað var vegna ut anumhalds

yfir þá sem hættu í skólanum á liðinni önn en þeir voru 52. Þeir voru færri en síðastliðna haustönn. Þetta eru vonbrigði þar sem einum námsráðgjafa var bætt við auk þess sem umsjónarkerfið var breytt þannig að allir nýnemar eru með sér umsjónarkennara og bætt utanumhald. Vorönnin var ekki alveg marktæk því nemendur sögðu sig úr áföngum eða tóku ekki próf vegna verkfallsins en brottfall þá önn var 12,5% miðað við þá sem fóru í próf en voru skráðir í upphafi en 8,9% ef miðað er við þá sem sögðu sig úr námi. Gengið var út frá því brottfalli sem var, eða 10% þegar markmiðið var sett.

Skólinn hefur í þrígang verið þátttakandi í skimunarverkefningu sem Stella Blöndal hefur séð um. Námsráðgjöf og utanumhald hefur verið aukið með þeim hópi sem er hvað lakastur og í mestri brottfallshættu en það eru nemendur í fornámi, smiðjum og starfsbraut. Þar á eftir koma nemendur á almenntri braut. Einnig hefur námsframboð verið aukið með fjölgun á starfsnámsbrautum, námsráðgjöf verið aukin eins og áður sagði og kennsluháttum breytt. Lykilatriðið varðandi brottfall virðist felast í jákvæðum og góðum samskiptum nemenda og kennara. Stjórnendur skólans eru staðráðnir í að halda áfram að leita leiða til að draga úr brottfallinu. Markmiðið var að það yrði komið niður í 6% á haustönn 2016 en betur má ef duga skal. Árangurinn næst ekki í einu vettvangi og því er of snemmt að afskrá þetta eftir eina önn.

	Vor 2013	Haust 2013	Haust 2014	viðmið
Kennslumat almennt	4,15	4,21	4,15	4
Hvatningin	3,8	3,93	3,86	3,8
Hrósið	3,9	4	3,98	3,8
Líðan	4,37	4,38	4,28	4,25
Brottfall	10,2	7,5	10,8	10%
Hættu á önninni	43 (4,4%)	66 (6,4%)	52 ( 5,5%)	

#### Nýtingarhlutfall

Á töflunni hér að neðan er hægt að sjá nýtingarhlutfallið við upphaf annar, miðað við tölur teknar eftir að frestur til úrsagnar var liðinn og svo við lok annar. Það er varla hægt að reikna með því að hægt verði að auka nýtingarhlutfallið mikið meira. Því veldur að dregið hefur úr aðsókn í einstakar greinar verknáms og ekki er aðstaða til að taka mikið fleiri inn í grunnnámið en 12 nemendur, þannig að ef einhverjir falla út þá dregur úr nýtingunni.

Einnig getur verið erfitt að ná tilskildum fjölda í efstu áfanga í tungumálum.

Síðan er metið hversu hátt hlutfall nemenda stenst lokapróf og er þá miðað við þá sem taka próf. Einnig má sjá að 82% til 83% þeirra sem taka próf standast þau að jafnaði. Árangur á vorönn hefur jafnan verið betri sem skýrist líklegast af því að þeir sem minnstan áhuga hafa fyrir námi eru hættir og halda ekki áfram á vorönn. Ástæða þess að árangur nemenda á vorönn 2014 er örlítið lakari núna er líklegast vegna verkfallsins, nemendur voru ekki að nota tímann í verkfallinu til að læra.

	vorönn 2014	haustönn 2014
Upphaf annar	88%	90%
Lok annar	77%	82%
Stóðust próf	82%	83%

### 3. Útskrift

Það voru 79 + 61 eða 140 nemendur útskrifaðir frá skólanum árið 2014, 62 karlar og 78 konur, auk þess voru nemendur á almennri braut útskrifaðir óformlega við lok hvorrar annar. Skipting útskrifaðra á annir og svið var eins og taflan sýnir. Hafa ber í huga að einhverjir útskrifuðust af fleiri en einni braut.

Próf	vor 2014	haust 2014
Stúdentspróf	53	53
Verknámspróf	7	5
Framhaldsskólapróf/starfsnámspróf	14	4
Sjúkraliðar	5	
Starfsbraut	9	1

### 4. Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 93 á vorönn, þar af 74 kennarar, 6 stundakennarar og 13 aðrir starfsmenn. Starfsmenn á haustönn voru 95, þar af 78 kennarar, 5 stundakennara en aðrir starfsmenn voru 12. Ræsting og mötuneyti eru boðin út.

Á vorönninni var kynjahlutfallið nokkuð jafnt, karlar nokkuð fleiri eða tæp 52% en konur rúmlega 48% af heildarstarfsmannafjöldanum. Hlutfallið var mjög svipað innan kennarahópsins. Hlutfall kvenna meðal annars starfsfólks var mun hærra eða rúmlega 58% meðan karlarnir voru tæplega 42%. Karlar voru mun fleiri í hópi stundakennara.

Karlar voru nokkuð fleiri en konur á haustönn en þeir voru tæp 54% af heildarstarfsmannafjölda en konur voru rúmlega 46%. Svipað hlutfall var innan kennarahópsins, karlar voru 52% en konurnar 48%. Kynjahlutfallið var jafnt meðal annars starfsfólks en fjórir af fimm stundakennurum voru karlar.

Skipurit skólans er á vefnum og þar má fá innsýn í stjórnkerfi hans <http://www.fss.is/skolinn/skipurit/> .

Eftirfarandi tafla gefur smá sýn á nokkra þætti í kennarahópnum miðað við haustönn 2014.

Meðalaldur allra starfsmanna 2014	48,4 ár
Meðalstarfsaldur kennara í FS	12,2 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu	16 ár
Meðalkennsluskylda	22,5 kst/viku
Fjöldi kennslustunda + álag á vorönn	1631,9 + 125,48 = 1736,66 kst/viku
Fjöldi kennslustunda + álag á haustönn	1666,2 + 104,76 = 1770,96 kst/viku

## 5. Fjármál og rekstur

Skólinn nýtti uppsafnaðan afgang á vorönn til að endurnýja að hluta tölvubúnað skólans og ennfremur tækjabúnað í verknáminu sem var úr sér genginn og kominn í þrot.

Niðurskurður undangenginna ára hafði bitnað mest á búnaðarkaupum og því horfði til vandræða á sumum sviðum. Við upphaf vorannar 2014 fengust uppþætur vegna starfsbrautar og brottfallsverkefnis sem var mjög gott og hjálpaði verulega til með reksturinn og endurnýjun búnaðar á árinu.

Rekstraryfirlit er í viðhengi aftast. Samkvæmt því er afgangur af síðasta ári en því miður er hann farinn núna vegna leiðréttingar sem gerð var á framlögum til skóla fyrir yfirstandandi ár. Verið er að vinna að endurskoðun á fjárhagsáætlun í ljósi breyttra forsendna og því er ekki gott að segja til um hver staðan raunverulega er. Það hefur verið stefna skólans að halda sér innan ramma fjárlaga og vonandi gengur það eftir en nú er meiri óvissa um hvort það takist.

## 6. Samstarf við aðra

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við FSu og FVA og er þetta samstarf fjölbreytt og snertir alla þætti skólastarfsins. Sótt hefur verið saman um þróunarstyrki og vinna skólarnir saman að innleiðingu nýrrar námskrár eins og kostur er. Stjórnendur þessara skóla hittast reglulega og bera saman bækur sínar.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur átt gott samstarf við grunnskólana á svæðinu og funduðu stjórnendur skólans með stjórnendum allra grunnskólanna þar sem farið var yfir niðurstöðu fyrstu prófa í kjarnagreinum eftir skólum. Einnig var skipulagður fundur faggreinakennara í þessum greinum þar sem farið var yfir stöðuna og áherslur á hvoru skólastigi fyrir sig og reynt að finna leiðir til að skilin milli grunn- og framhaldsskóla yrðu nemendum sem auðveldust. Jafnframt voru grunnskólunum kynntar þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í sambandi við námskrár haust 2015. Rætt hefur verið við grunnskólana um frekara samstarf sem miðar að því að auka fljótandi skil milli þessara tveggja skólastiga.

Samstarf hefur einnig verið við Fjölsmiðjuna á Suðurnesjum um að taka nemendur frá þeim í einn til tvo áfanga á önn, eftir því sem hægt er og hefur það gefist vel.

Skólinn hefur verið í samskiptum við aðila erlendis eins og áður.

Undanfarin ár hafa nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja sótt evrópskt æfingaping þar sem líkt er eftir starfi Evrópuþingsins þó þátttökulönd séu bæði innan og utan Evrópusambandsins. Þetta er lýðræðis- og leiðtogaþjálfun fyrir ungt fólk. Í vor fóru þrír nemendur til Brussel og á haustönninni fóru aðrir þrír nemendur til Stokkhólms og tóku þátt í þingstarfi þar.

Sex nemendur og tveir kennarar frá starfsnámsskóla í Helsinki í Finnlandi heimsóttu starfsbrautina í tvær vikur í nóvember. Okkar nemendur hafa þrisvar sinnum heimsótt þennan skóla í Helsinki og hafa alls 17 nemendur héðan farið í þær ferðir. Finnsku gestirnir kynntu sér nám og starf á brautinni ásamt því að fara í vettvangsferðir um Suðurnesin.

## 7. Annað

Það er margt sem gerist á heilu ári í starfsemi skóla og ekki ástæða til að rekja það allt hér, nægir að benda á skólaskýrsluna sem er gefin út í lok hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðunni, <http://www.fss.is/skolinn/skyrslur/> .

Ný stjórn var kosin í foreldrafélagi skólans (<http://www.fss.is/skolinn/foreldrafelag/>) á kynningarfundi fyrir foreldra nýnema á haustönn 2014.

Kynningarfundur var haldinn með nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra eitt síðdegið hér í skólanum. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 19:00. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann. Skólinn tók einnig þátt í Íslandsmóti iðngreina og var með kynningu í Kórnum síðastliðið vor.

Á haustönninni var unnið að nýjum vef skólans sem fór í loftið eftir áramót. Nýi vefurinn á að uppfylla allar kröfur um vefi opinberra stofnana og þar er lögð áhersla á að nota samfélagsmiðla í auknum mæli og auka rafrænar afgreiðslur á umsóknum og fyrirspurnum. Vegna þessa nýja vefs getur verið að einhverjir tenglar virki ekki en það tekur tíma að koma öllu í viðunandi stand.

## Viðauki 1.

Rekstraryfirlit FS 2011-2014				
	2014	2013	2012	2011
	FS	FS	FS	FS
Dagvinna	405.403.146	398.144.800	399.055.179	359.582.822
Vaktaálag			47.482	87.721
Aukagreiðslur	8.914.798	1.766.039	2.543.779	8.825.871
Yfirvinna	120.878.399	104.234.678	114.464.771	117.814.590
Launatengd gjöld	127.867.528	119.883.376	122.477.798	119.711.590
Samtals	<b>663.063.871</b>	<b>624.028.893</b>	<b>638.589.009</b>	<b>606.022.594</b>
Fundir, námskeið og risna	2.606.772	3.155.584	3.257.576	2.315.194
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	307.870	1.212.700	211.600	245.515
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	453.650	5.767.260	3.993.901	3.674.923
Akstur	2.926.716	3.220.118	3.495.954	2.652.320
Samtals	<b>6.295.008</b>	<b>13.355.662</b>	<b>10.959.031</b>	<b>8.887.952</b>
Tímarit, blöð og bækur	1.018.601	781.256	1.017.259	1.218.646
Skrifstofuvörur og áhöld	6.635.551	5.342.295	6.299.192	7.205.774
Aðrar vörur	20.861.766	17.393.085	19.786.033	16.284.949
Samtals	<b>28.515.918</b>	<b>23.516.636</b>	<b>27.102.484</b>	<b>24.709.369</b>
Önnur sérfræðipjónusta	7.015.757	9.175.441	10.050.862	9.142.748
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	2.410.187	2.001.307	1.988.065	2.007.682
Prentun,póstur, augl., flutningar	1.932.338	2.310.242	1.747.025	2.272.916
Sími og ýmis leigugjöld	3.475.278	4.608.046	4.185.532	4.194.289
Samtals	<b>14.833.560</b>	<b>18.095.036</b>	<b>17.971.484</b>	<b>17.617.635</b>
Verkaup og byggingavörur	2.412.128	512.226	1.690.024	1.926.007
Rafmagn og heitt vatn	12.558.033	13.510.631	12.252.728	10.897.354
Húsaleiga og aðk. ræsting	101.017.272	96.558.047	94.335.228	88.520.819
Samtals	<b>115.987.433</b>	<b>110.580.904</b>	<b>108.277.980</b>	<b>101.344.180</b>
Brennsluefni og olúfur	16.199	16.053	44.533	51.492
Verkstæði og varahlutir	117.023	278.044	302.507	477.133
Samtals	<b>133.222</b>	<b>294.097</b>	<b>347.040</b>	<b>528.625</b>
Vextir, bætur, skattar	398.598	551.826	448.061	399.767
Eignakaup	29.332.727	5.412.630	7.385.965	19.063.486
Tilfærslur	920.000	231.013	341.000	642.860
Samtals	<b>30.651.325</b>	<b>6.195.469</b>	<b>8.175.026</b>	<b>20.106.113</b>
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>859.480.337</b>	<b>796.066.697</b>	<b>811.422.054</b>	<b>779.216.468</b>
<b>Sértekjur</b>	<b>(27.760.295)</b>	<b>(34.950.680)</b>	<b>(30.329.771)</b>	<b>-28.449.270</b>
Samtals	(27.760.295)	(34.950.680)	(30.329.771)	-28.449.270
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>	<b>(13.017.745)</b>	<b>(13.173.348)</b>	<b>(13.504.500)</b>	<b>-14.905.312</b>
Samtals	(13.017.745)	(13.173.348)	(13.504.500)	-14.905.312
<b>Framlag ríkissjóðs</b>	<b>(793.169.652)</b>	<b>(768.951.972)</b>	<b>(732.975.495)</b>	<b>-712.406.679</b>
Samtals	(793.169.652)	(768.951.972)	(732.975.495)	-712.406.679
<b>Tekjur og framlag ríkissjóðs samtals</b>	<b>(833.947.692)</b>	<b>(817.076.000)</b>	<b>(776.809.766)</b>	<b>-755.761.261</b>
<b>TAP/HAGNAÐUR samtals</b>	<b>25.532.645</b>	<b>(21.009.303)</b>	<b>34.612.288</b>	<b>23.455.207</b>
<b>Flutt frá fyrra ári</b>	43.905.576	22.929.611	57.541.899	80.997.106
<b>Höfuðstóll</b>	<b>(18.372.931)</b>	<b>(43.938.914)</b>	<b>(22.929.611)</b>	<b>(57.541.899)</b>